

Nr. 85.
22.
nóvbr.

Lög

um

brunamál.

Vjer Frederik hinn Áttundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með
samþykki Voru:

I. kaffli.

Um tilhögun húsa og eldstæða.

1. gr.

Pá er ný húseign er reist, hvort heldur er einstakt hús eða fleiri hús en eitt, sem ætluð eru til sameiginlegra afnota og standa á sömu lóð, skulu vera auð millibil milli hennar og annara húseigna, svo stór sem hjer segir:

- 20 álnir, ef báðar húseignirnar eru úr timbri, ójárnvarðar.
- 15 álnir, ef önnur húseignin er úr steini, torfi eða úr timbri járnvarin, en hin úr timbri ójárnvarin.
- 10 álnir, ef báðar húseignir eru úr steini, torfi eða úr timbri járnvarðar.
- 5 álnir, ef eldvarnaveggur er fyrir annari húseigninni, að minnsta kosti 6 þumlungum hærri, en veggir þess húss, sem eldvarnarveggurinn stendur við, enda sje það hús með eldtraustu þaki, en eldtraust þök skulu talin járnþök og önnur málmpök, helluþök og tjörupappaþök einföld eða tvöföld, ef þykkt pappans eða pappalaganna til samans er að minnsta kosti $1\frac{3}{10}$ línu.
- Loks mega húseignir vera samfastar, ef milli þeirra er sameiginlegur eldvarnarveggur, að minnsta kosti 6 þuml. hærri en hærri húseignin.

Eldvarnarveggir skulu vera að minnsta kosti 7 þuml. þykkir, hlaðnir úr steinlímdu grjóti eða úr steinsteypu, og mega eigi vera í þeim viðir eða neinskonar op.

Nú er húseign að nokkru leyti úr steini, torfi eða úr timbri járnvarin, en að nokkru leyti úr timbri ójárnvarin, og má þá enginn hluti hennar vera nær annari húseign, eða hluta af annari húseign, en svo, að hver einstakur hluti fullnægi þeim fjarlægðar-ákvæðum, er að framan eru sett um heila húseign af sömu gjörð.

2. gr.

Lýsisbræðsluhús, tigulofna og kalkofna má eigi byggja nær öðrum húseignum, en 50 álnir fra þeim.

Nr. 85. Lög 22. nóvember um brunamál.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18. September 1891.

Lov
om
Brandforhold.

Nr. 85.
22.
Novbr.

Vi Frederik den Ottende, af Guds Naade Konge til Danmark
de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenborg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

1ste Afsnit.

Om Indretningen af Bygninger og Ildsteder.

§ 1.

Ved Opførelsen af en ny Bygning eller af flere til fælles Benyttelse bestemte Bygninger paa den samme Grund skal der mellem dem og andre Bygninger findes et frit Mellemrum af følgende Størrelse:

- a. 20 Alen, naar begge Bygninger ere af Tømmer uden Jernbeklædning.
- b. 15 Alen, naar den ene er af Sten, Tørv eller Tømmer med Jernbeklædning, medens den anden er af Tømmer uden saadan Beklædning.
- c. 10 Alen, naar begge ere af Sten, Tørv eller Tømmer med Jernbeklædning.
- d. 5 Alen, naar der er en Brandgavl paa den ene Bygning, mindst 6 Tommer højere end den til Gavlen stødende Bygnings Vægge, forudsat at sidstnævnte Bygning er forsynet med et ildfast Tag, hvortil regnes Tage af Jern eller andet Metal, Skiferstage, samt enkelte eller dobbelte Tjærepaptage, naar Paplagets Tykkelse mindst er $1\frac{3}{10}$ ".
- e. Endelig tillades Sammenbygning af Huse, naar der mellem dem findes en fælles Brandgavl, der rager mindst 6 Tommer over den højeste af Bygningerne.

En Brandgavl skal være af mindst 7 Tommers Tykkelse, opført af muret eller støbt Sten, uden at der findes anbragt Tømmer eller nogen Aabning.

Naar en Bygning tildels er opført af Sten, Tørv eller Tømmer med Jernbeklædning, tildels af Tømmer uden Jernbeklædning, maa ingen Del af den være nærmere en anden Bygning eller en Del af en saadan, end at hver enkelt Del fyldestgør de foranstaande Afstandsbestemmelser for hele Bygninger af tilsvarende Materiale.

§ 2.

Transmelterier, Tegl- eller Kalkovne maa ikke opføres nærmere end 50 Alen fra andre Bygninger.

Nr. 85. Lov af 22. November om Brandforhold.

Nr. 85.

22.
nóvbr.

Eigi má byggja hús til að geyma í skotelda, eða til þess að búa til í skotelda, nær öðrum húsum en 100 álnir frá þeim.

Hús til þess að geyma í púður eða önnur sprengiefni má eigi byggja, nema með sjerstöku leyfi lögreglustjóra.

3. gr.

Nú vill maður gjöra viðbót við húseign sína og skal þá fylgt framangreindum reglum um fjarlægð frá öðrum húseignum eptir gjörð viðbótarinnar, nema viðbótin komi eigi nær öðrum húseignum en hinn eldri hluti húseignarinnar og sje eigi miður eldtraust en hann.

5. gr.

Framangreind ákvæði um fjarlægð nýrra húseigna frá öðrum húseignum skulu einnig gilda, þá er húseignir eru endurreistar, eptir að þær hafa brunnið eða verið rifnar niður, ef hlutaðeigandi hefur nægilega stóra lóð til þess. Sje lóðin eigi nægileg til þessa, eða ef að eins nokkur hluti húseignarinnar hefur brunnið eða verið rifinn niður, má endurreisa hana á sama stað og með sömu gjörð og áður. Þessi undanþága nær þó eigi til slíkra bygginga, sem ræðir um í 2. og 3. gr.

6. gr.

Í smiðjum og trjesmíðavinnustofum, þar sem eldstæði er, eða farið er með eld, skulu veggir vera úr steini eða steinsteypu, eða reyrlagðir og kalkaðir eða með sementshúð innan, ef þeir eru úr trje; loptin skulu og vera reyrlögð og kölkud, ef þau eru úr trje, eða klædd með járnþynnum á listum. Bæjarstjórn eða hreppsnefnd getur veitt undanþágu frá þessu, ef smiðja eða trjesmíðavinnustofa er sjerstakt hús eða er í útihúsi, þar sem eigi er íbúð nje önnur eldstæði og eigi geymd eldfim efni, ef ekki verður álitid, að öðrum húsum stafi brunahætta af smiðjunni.

7. gr.

Herbergi, sem geyma á í hey, hálm eða önnur þess konar eldfim efni, skulu greind frá öðrum herbergjum þeim, er eldstæði eru í, með steinveggjum eða steyptum veggjum eða trjeveggjum reyrlögðum og kölkudum eða klæddum með járnþynnum á listum eða með sementshúð þeim megin, er veit að herbergi því, sem eldstæði er í.

Dyr mega eigi vera að slíkum geymsluherbergjum frá eldhúsum með opnum eldstæðum eða frá smiðjum eða trjesmíðavinnustofum, slíkum er ræðir um í 6. gr.

8. gr.

Opin eldstæði (hlóð) má ekki hafa í þeim herbergjum, sem trjególf er í eða trjebitar í gólfí. Hlóð skulu jafnan svo hlaðin, að hvergi sje skemmra en 24 þuml. frá eldstæðinu eða öskustónni að stoðum eða öðrum viðum.

Um ofna og eldavjelar, sem eptirleidiðis verða sett upp, skulu þær reglur gilda, sem hjer segir:

1. Ofna og eldavjelar má eigi setja nær timburvegg en svo, að 8 þuml. sjeu í milli.

§ 3.

Nr. 85.

22.

Bygninger til Opbevaring eller Fabrikation af Fyrværkerisager skal opføres i Novbr. mindst 100 Alen Afstand fra andre Bygninger. Bygninger til Opbevaring af Krudt eller andre Sprængstoffer kan kun opføres efter dertil meddelt særlig Tilladelse af Politimesteren.

§ 4.

Ved Tilbygninger skal de foranstaaende Afstandsbestemmelser under Hensyntagen til Tilbygningens Konstruktion igagttaes, med mindre Tilbygningen ikke kommer til at staa nærmere andre Ejendomme end Bygningens ældre Del og er ligesaa godt beskyttet mod Brandfare som denne.

§ 5.

Foranstaaende Bestemmelser om nye Bygningers Afstand fra andre Ejendomme gælder ogsaa i Tilfælde af Genopførelse af nedbrændte eller nedrevne Ejendomme, naar vedkommende Byggegrund er tilstrækkelig stor dertil. I modsat Fald, saa vel som naar kun en Del af Ejendommen er nedbrændt eller nedrevet, kan den opføres paa samme Sted og med samme Konstruktion. Denne Undtagelse gælder dog ikke de i §§ 2 og 3 omhandlede Bygninger.

§ 6.

I Smedjer, saa vel som i Værksteder, der arbejde i Træ og hvor der er Ildsteder eller der benyttes Ild, skal Væggene være af naturlig eller støbt Sten, eller rørede og pudsede eller med et indvendigt Cementlag, naar de ere af Tømmer; Loftene skal ogsaa være rørede og pudsede, eller beklædte med Jernplader paa Lister. Undtagelse herfra kan meddeles af vedkommende Byraad eller Repsforstanderskab, naar Smedjen eller Værkstedet udgør en særskilt Bygning eller er anbragt i en saadan, hvor der ikke findes Beboelse eller andre Ildsteder eller opbevares brandfarlige Stoffer, saafremt der ikke skønnes at være Brandfare for andre Bygninger.

§ 7.

Rum til Opbevaring af Hø, Halm eller andre saadanne letfængelige Stoffer, skulle være adskilte fra andre Værelser, hvor der findes Ildsteder, ved Vægge af naturlig eller støbt Sten eller rørede og kalkpudsede Tømmervægge eller Vægge, der ere beklædte med Jernplader paa Lister eller med et Cementlag paa den indvendige Side af det Værelse, hvor Ildstedet er anbragt.

Ved saadanne Opbevaringskamre maa der ikke være Døre, der føre ud til Køkkener med aabne Ildsteder eller til saadanne Smedjer eller Værksteder, der omhandles i § 6.

§ 8.

Aabne Ildsteder maa ikke anbringes i Værelser med Trægolv eller Golv, som hviler paa Træbjælker. De skal altid være saaledes anbragte, at der paa samme overalt er en Afstand af mindst 24 Tommer til nærmeste Støtter eller andet Træværk.

Om Kakkelovne og Komfuruer, der herefter anbringes, gælder følgende Bestemmelser.

1. Kakkelovne og Komfuruer maa ikke anbringes nærmere end 8 Tommer fra en Tømmervæg.

- Nr. 85. 2. Pípur frá ofnum og eldavjelum mega eigi koma nær trje en svo, að 8. þuml. sjeu
 22. növbr. í milli: þær skulu liggja inn í reykháf og mega ekki liggja um herbergi, sem geymt er í hey eða ámóta eldfim efni.
3. Eldavjelar má setja á trjególf, ef $4\frac{1}{4}$ þuml. að minnsta kosti er frá gólfí upp að botni eldavjelarinnar og gólfíð undir eldavjelinni þakið með járnþynnu eða öðru eld-traustu efni.
4. Ofnar skulu standa á múruðum fæti eða á mýrfylltum eða opnum járnfæti; sje rist í botni ofnsins, skal öskuskúffa vera í fætinum og skal þá vera undir skúffunni járnþynna, er fyllir út í holið, 2 þuml. frá gólfí að minnsta kosti.
5. Þar sem ofnar eða eldavjelar standa á trjególfí, skal gólfíð fram undan eldstæðinu þakið með einhverju efni, sem ekki er eldnæmt, t. d. með járnþynnu. Skal járnþynnan eða það, sem í hennar stað er notað, ná að minnsta kosti 12 þuml. fram á gólfíð fyrir framan ofninn eða eldavjelina og að minsta kosti 8 þuml. út fyrir ofninn eða eldavjelina til hliðanna og að aptanverðu.

Herbergi, sem ætluð eru gufukötlum eða vatnskötlum til miðstöðvarhitunar, skulu hafa veggi og gólf úr steini eða steinsteypu og lopt af sömu gjörð, þó má í þess stað koma trjelopt, reyrlagt og kalkað, eða klætt járnþynnum á listum, ef ketillinn kemur eigi nær loptinu, en 2 álnir frá því.

9. gr.

Reykháfar skulu hlaðnir upp rambyggilega úr tígulsteini eða grjóti, lögðu í steinlím, eða gjörðir úr steinsteypu, og skulu hliðar reykháfsins eigi vera þynnri en $4\frac{1}{2}$ þuml. Þar sem reykháfur gengur gegnum bita og borð, sem lögð eru undir bita, skal hann vera járnklæddur hringinn í kring sem og þar sem hann gengur í gegnum þakið, og vera skal að minnsta kosti $6\frac{1}{2}$ þuml. bil milli þeirra hliða hans, sem snúa inn, og viðanna. Ekki má heldur þilja reykháfinn eða klæða hann borðum eða láta utan um haðn veggfóður, sem límt er utan á lista. Reykháfur skal annaðhvort hlaðinn frá grundvelli eða liggja á hvelfingu milli tveggja steinveggja, en má eigi standa á bitum eða trjególfum. Reykháfar skulu eigi þrengri en 9 þuml. á hvern veg að innanmáli, og ná að minnsta kosti 1 alin upp fyrir mæni, ef þeir koma upp úr mæni húss, en að minnsta kosti $1\frac{1}{2}$ alin upp úr þekjunni utan mænis.

Á hverjum reykháf skulu vera nægilega mörg sópgöt, jafnvíð reykháfnum, og traust járnþurð fyrir í járnþumgjörð. Inn í 9 þuml. víðan reykháf má eigi setja reykípu frá fleiri eldstæðum en 8, og jafnan skal hafa járnkraga í reykháfnum utan um hverja pípu þannig gjörðan, að pípan geti eigi ýtzt inn í reykháfinn.

Eigi má reykháfur vera í herbergi, þar sem geymt er hey eða ámóta eldfim efni, nema þiljað sje allt í kring um reykháfinn í því herbergi, að minnsta kosti 1 alin frá honum á hvern veg, svo að engin eldfim efni nái að komast að reykháfnum.

10. gr.

Enginn má, án leyfis bæjarstjórnar í kaupstöðum eða hreppsnefndar og lög-reglustjóra í verzlunarstöðum, byggja verksmiðju, sem brunahætta stafar af, nema verksmiðjan standi að minnsta kosti 50 álnir frá nágrannalóð. Úrskurði bæjarstjórnar eða hreppsnefnda um þetta, má þó skjóta til stjórnarráðsins til úrslita. Sá, sem fær

2. Rør fra Kakkelovne og Komfurer maa ikke anbringes nærmere end 8 Tommer fra Nr. 85. Træværk. De skal føres ind i Skorstene og maa ikke føres gennem Værelser, ^{22.} Novbr. hvor der opbevares Hø eller lignende letfængelige Stoffer.
3. Komfurer kan opstilles paa et Trægulv, naar der fra Gulvet til Bunden af Komfuret er en Afstand af mindst $4\frac{1}{4}$ Tomme og Gulvet under samme er bedækket med Jernplader eller andet ildfast Materiale.
4. Kakkelovne skulle staa paa et muret Fodstykke eller paa en murfyldt eller aaben Jernfod; hvis der i Kakkelovnens Grundflade er en Rist, skal der i Foden være en Askeskuffe og under Skuffen mindst 2 Tommer fra Gulvet en Jernplade, der udfylder Foden.
5. Hvor Kakkelovne eller Komfurer staa paa et Trægulv, skal Gulvet foran Indfyringen være belagt med uantændeligt Materiale, f. Eks. med en Jernplade. Denne eller det istedet derfor anvendte Materiale skal række mindst 12 Tommer ud paa Gulvet foran Ovnens eller Komfurets og mindst 8 Tommer ud fra den til Siderne og bagtil.

Lokaler for Damp- eller Vandkedler til Centralopvarmning skulle have Vægge og Guld af naturlig eller støbt Sten og Loft af samme Konstruktion; dog maa, hvis Kedlerne ere anbragte i mindst 2 Alens Afstand fra Loftet, dette være af Træ, der er røret og pudset eller beklædt med Jernplader paa Lister.

§ 9.

Skorstene skulle forsvarlig opføres af Mur eller Sten i Kalk eller af støbt Sten af mindst $4\frac{1}{2}$ Tommes Tykkelse. Hvor Skorstensrøret passerer gennem Bjælke-laget og Forskalningen, og ligeledes hvor det passerer gennem Taget, skal det være jernbeslægtet paa alle Sider, og dets indvendige Sider være mindst $6\frac{1}{2}$ Tomme fjernede fra alt Træværk, ligesom et saadant Rør ikke maa paneles, forskales eller gives Beträk paa Blindlister. Røret maa være opført enten fra Grunden af eller hvile paa en Hvælvning mellem to Grundmure, og maa ikke hvile paa Bjælker eller Trægulv. Det maa ikke være snævrere indvendig maalt end 9 Tommers Gennemsnit i nogen af Siderne og bør rage mindst 1 Alen op over Tagets Mønning, naar det gaar op igennem denne, og mindst $1\frac{1}{2}$ Alen op over Taget udenfor Mønningen.

Paa hver Skorsten bør der være tilstrækkelig mange solide Rensedøre af Jern af samme Lysning som Skorstenen og anbragt i en Jernramme. En Skorsten af 9 Tommers Tykkelse maa ikke benyttes som fælles Røgrør for mere end 8 Ildsteder, og udenom hver Røgledning, der føres ind i en saadan Skorsten, skal der i denne anbringes en Jernbøsning, med en saadan Konstruktion, at den forhindrer Ledningerne fra at trænge ind i den.

Skorstene maa ikke findes i et Rum, hvor der opbevares Hø eller andre lige-saa ildfængende Genstande, med mindre der i et saadant Rum i mindst 1 Alens Afstand fra Skorstenen, er anbragt rundt omkring den et Skillerum, der forhindrer ildfængende Genstande fra at komme i Berøring med den.

§ 10.

Ingen maa uden Tilladelse af Byraad i Købstæder og Repsforstanderskab og Politimester paa et Handelssted opføre Fabriker af brandfarlig Beskaffenhed i en mindre Afstand end 50 Alen fra Nabogrunden. Den kommunale Myndigheds Resolution i saa Henseende kan dog indankes for Ministeriet. Den, der erholder Tilladelse til Opførelsen af en saadan Fabrik i en mindre Afstand fra Nabogrunden end 50 Alen Nr. 85. Lov af 22. November om Brandforhold.

Nr. 85. leyfi til að byggja slíka verksmiðju nær nágrannalóð en 50 álnir frá henni, skal skyldur,
^{22.}
 növbr. að gjöra þær ráðstafanir gegn brunahættu, sem heimtaðar kunna að verða.

11. gr.

Stjórnarráðið getur, ef bæjarstjórn eða hreppsnefnd mælir með, veitt undanþágu frá ákvæðum þeim, er að framan eru sett, ef staðhættir krefja og eigi verður álið, að brunahætta stafi af.

12. gr.

Brjóti nokkur gegn ákvæðum þeim, er að framan eru sett, skal hann sæta sektum frá 4 til 100 kr. Þar að auki má knýja hann með dagsektum til þess að bæta það, sem ábótavant er, svo að fullnægi framangreindum ákvæðum.

Hafi sá, er hús lætur gjöra, falið framkvæmdina smiðum, einum eða fleiri, bera þeir ábyrgðina, nema þeir hafi brotið framangreind ákvæði beinlínis eptir skipun þess, er hús lætur gjöra.

II. kafli.

U m m e ð f e r ð á e l d i, l j ó s u m o. fl.

13. gr.

Allir eru skyldir að fara varlega með eld, ljós og annað, sem valdið getur eldsvoða eða stuðlað að því, að hann komi upp. Húsbændur og húsmæður skulu hafa eptirlit með, að börn þeirra, vinnuhjú eða annað heimilisfólk þeirra eða aðrir, sem í þeirra þjónustu fást við einhver störf í húsinu, hegði sjer svo í þessu efni, að eigi verði að fundið. Í leiguþúsi skal eigandi eða umráðamaður hans hafa gætur á því, að leiguliðar þeirra, eða þeir, sem búa í húsum þeirra, vanræki það ekki, sem grein þessi skipar fyrir um, og skulu þeir, eptir því sem unnt er, koma í veg fyrir það og hindra.

14. gr.

Það skal með öllu bannað: að leggja eldfima hluti, svo sem hamp, hey og annað því um líkt, við eldstór eða upp við reykháfa, sem ganga upp úr eldstóm; að reykja tóbak eða bera kerti eða lampa, sem kveikt hefur verið á og eigi er byrgður í öruggu ljóskeri, glæður eða annan eld, sem eigi er geymdur í lokuðum járnkassa, um fjós, fjárhús, hesthús, heyhlöður, lopt eða um aðra staði, þar sem mikið er fyrilliggjandi af heyi, hefispónum eða öðrum hlutum jafn eldfimum; að geyma í húsum ösku og annað, sem fellur frá eldstóm, annaðhvort óblandað eða blandað sorpi og öðru því líku, nema það sje í kössum úr málmi, steini eða leiri, eða að snara því út, fyr en hellt hefur verið á það vatni eða með öðru móti komið hjá allri hættu fyrir því, að í því kvikni; að hleypa af skotvpönum nálægt húsum, heystökkum, móhlöðum eða öðru jafn eldfimu; að kveikja skotelda og tendra blys eða bikhringa, nema með leyfi löggreglustjóra, og er þá skylt, að fara eptir reglum þeim, er hann setur.

15. gr.

Sjerhver húseigandi hefur ábyrgð á því, að öllum eldstæðum, ofnum, reykháfum og reykpum sje haldið í tilhlýðilegu standi. Leiguliði tekur þátt í þessari ábyrgð ásamt eigandanum, þegar hann eigi í tæka tíð hefur skýrt eigandanum frá einhverjum Nr. 85. Lög 22. nóvember um brunamál.

er pligtig til at træffe de Foranstaltninger til Forebyggelse af Brandfare, der maatte Nr. 85. blive forlangte af ham.

22.

Novbr.

§ 11.

Ministeriet kan efter Anbefaling af vedkommende Byraad eller Repsforstanderskab meddele Fritagelser fra de i det foregaaende foreskrevne Bestemmelser, naar de stedlige Forhold gør det nødvendigt og det ikke skønnes at være forbundet med Brandfare.

§ 12.

Den som overtræder de i det foregaaende indeholdte Regler ifalder en Bøde af 4 til 100 Kr. Derhos kan han ved Dagsmulter tvinges til at udbedre det mangelfulde, saaledes at foranstaende Forskrifter sker Fyldest.

Har den, der lader en Bygning opføre, overdraget Arbejdet til en eller flere Haandværkere, gaar Ansvaret over paa dem, medmindre de har begaet Overtrædelsen efter udtrykkelig Befaling af førstnævnte.

2det Afsnit.

Om Omgang med Ild og Lys m. m.

§ 13.

Enhver er pligtig med tilbørlig Forsigtighed at omgaas med Ild og Lys og med alt, hvad der kan fremkalde eller befordre Ildebrand. Alle Husfædre og Husmødre bør have Indseende med, at deres Børn, Tyende eller andre Personer, der høre til deres Husstand, eller som i deres Tjeneste have Forretninger i Huset, i saa Henseende udvise forsvarligt Forhold. Det skal ogsaa paaligge Husejerne eller deres Repræsentanter at være opmærksomme paa og saavidt muligt at afværge eller forhindre Tilsidesættelse af foranførte Bestemmelser fra deres Lejeres eller Husbeboeres Side.

§ 14.

Det forbydes udtrykkelig at henlægge letfængende Ting, saasom Hamp, Hø og deslige tæt ved Ildsteder eller opad Røgledninger fra saadan; at ryge Tobak eller bære tændt Lys eller Lampe, der ikke er indsluttet i forsvarlig Lygte, eller bære Gløder eller anden Ild, der ikke er forvaret i lukket Ildkasse, i Kostalde, Faare- eller Hestestalde, Høhuse, paa Loftet eller andre Steder, hvor der findes Hø, Høvlspaaner eller andre letfængende Genstande i større Mængde; at opbevare i Bygninger Aske og andet Affald fra Ildsteder enten ublandet eller blandet med Skarn og deslige, undtagen i Kar af Metal, Sten eller Ler, eller at udkaste saadant, før enhver Fare for Antændelse er fjernet ved Paagydelse af Vand eller paa anden Maade; at affyre Skydevaaben i Nærheden af Bygninger eller Høstakke, Tørvestakke og andre lignende let antændelige Genstande; at afbraende Fyrværkerisager saavel som antændende Fakler eller Begkrandse uden Politiets Tilladelse, i hvilket Fald dettes Forskrifter skal følges.

§ 15.

Enhver Ejer er ansvarlig for, at alle Ildsteder, Ovne, Skorstene og Røgledninger i den ham tilhørende Bygning behørig vedligeholdes. I Forening med Ejeren paahviler dette Ansvar tillige Lejeren, naar denne ikke betimelig har anmeldt en ham Nr. 85. Lov af 22. November om Brandforhold.

Nr. 85.
22. annmarka, sem honum er kunnugt um, eða byggingarnefnd eða hreppsnefnd, ef nauðnóvbr. syn krefur.

Reykháfa skal hreinsa svo opt sem þörf gjörist, og eigi sjaldnar en 2 sinnum á ári, ef þeir eru notaðir að staðaldri. Húseigandi ber ábyrgð á því, að hreinsað sje, ef hann býr í húseigninni eða ef hann hefur leigt hana fleirum en einum leigjanda; sje húseign leigð einum manni eða á annan hátt leyfð honum einum til notkunar, ber hann ábyrgð á því, að reykháfar sjeu hreinsaðir, svo sem hjer er fyrir mælt.

Ekki má hreinsa reykháfa með því að brenna sótið innan úr þeim. Ofna og eldavjelar, og pípur frá þeim til reykháfa, skal hreinsa svo opt sem þörf er á, og er það á ábyrgð þeirra, sem búa í þeim herbergjum, sem ofnarnir eða eldavjelarnar eru í.

16. gr.

Stjórnarráðið getur eptir tillögum hreppsnefnda ákveðið, að sótara skuli skipa í verzlunarstöðum, sett þeim reglur fyrir hreinsuninni og um þær skyldur, er á þeim hvíla, og ákveðið gjöld fyrir hreinsanir.

Þá er ákveðið hefur verið að skipa sótara, skal hreppsnefnd útvega hæfan mann til starfans, og skulu húseigendur í verzlunarstaðnum þá skyldir til að nota hann og má taka hreinsunargjöldin lögtaki. Ber sótari þá ábyrgð á framkvæmd hreinsunarnar, en ábyrgð húseiganda eða leigjanda samkvæmt 15. gr. fellur niður, nema hann eða þeir aðhafist eitthvað það, er tálmað getur hreinsuninni eða hindrað hana.

Um hreinsun reykháfa í kaupstöðum fer eptir því, sem fyrir er mælt í lögum nr. 29, 13. sept. 1901.

17. gr.

Eigi má hafa birgðir af eldivið, steinkolum, mó eða öðru eldsneyti fast við hús að utan; birgðir af trjávið og borðum má eigi hafa utan húss nær húsum, en 10 álnir frá þeim.

18. gr.

Sjerhver sá, sem í húsi hefur forða af púðri, skal vera skyldur til að geyma það í lokuðu íláti úr pjátri eða eiri, og geyma það uppi undir þaki fyrir ofan efstu bita. Skoteldar skulu varðveittir á sama hátt. Samt skal það vera leyft að hafa allt að 4 pundum af púðri í búð eða því herbergi, þar sem notað er púður við einhverja iðn, en þar skal það sömuleiðis varðveitt í lokuðum ílátum úr pjátri eða eiri. Löggreglustjóri eða hreppstjóri skal tvisvar á ári grennslast eptir því hjá þeim, sem verzla með púður, hvort það sje geymt á þann hátt, sem hjer er fyrir mælt. Sjerhver sá, er flytur púður, dýnamít, nítroglyserin, skotbaðmull og þess konar sprengiefni til bæjar eða kauptúns, skal senda löggreglustjóra eða hreppstjóra eða umboðsmanni hans ritaða tilkynningu um það, og skal hann sjá um, að fylgt sje þeim varúðarreglum, sem þörf er á, þar til það er komið til geymslu á óhultan stað.

19. gr.

Eigi má hafa birgðir af steinolíu, terpentínu, bensíni eða þess háttar eldnæmum vökvum, nema þar sem löggreglustjóri eða hreppstjóri álítur, að eigi geti stafað af þeim sjerstök brunahætta. Þó má geyma allt að 20 tunnur (3,500 potta) af steinolíu Nr. 85. Lög 22. nóvember um brunamál.

bekendt Mangel for Ejeren, eller i fornødent Fald for Bygningskomissionen eller Nr. 85.
22.
Repsforstanderskabet.

Skorstene skal renses saa ofte som det behøves, og mindst 2 Gange om Aaret, naar de blive benyttede til Stadighed. Ansvaret for Rensningen paahviler Husejeren, naar han selv bebor Huset eller dette er overdraget til flere forskellige Lejere; men naar Huset er udlejet til en Enkeltmand eller paa anden Maade overladt ham til udelukkende Afbenytelse, bærer han Ansvaret for Skorstenenes Rensning overensstemmende med, hvad der her er foreskrevet.

Udbrænding af Skorstene er ikke tilladt. Kakkelovne og Kaminer og Røgledninger fra dem til Skorstene bør renses saa ofte som det behøves. Ansvaret for Rentholdelsen paahviler Beboerne af de Værelser, i hvilke de paagældende Ovne eller Kaminer findes.

§ 16.

Ministeriet kan efter Forslag af Repsforstanderskaberne bestemme, at der paa Handelsstederne ansættes Skorstensfejere, meddele disse Instrukser vedrørende Rensningens Udførelse og de dem paahvilende Pligter samt fastsætte Takster for Rensningen.

Naar Ansættelsen af en Skorstensfejer etsteds er blevet bestemt, har Repsforstanderskabet at antage en dertil brugelig Person, hvorefter Husejerne paa vedkommende Handelsted ere pligtige til at benytte den antagne mod den fastsatte Betaling, der om fornødent kun udpantes. Ansvaret for Rensningens Udførelse paahviler derefter Skorstensfejerne, medens det Ejere eller Lejere i Henhold til § 15 paahvilende Ansvar bortfalder, medmindre disse foretage noget, der kan lægge Hindringer i Vejen for Rensningen.

Angaaende Rensning af Skorstene i Købstæder forholdes efter Lov Nr. 29 af 13. Septbr. 1901.

§ 17.

Brænde, Stenkul, Tørv eller andet Brændsel maa ikke oplægges tæt op til Huses Yderside; Oplag af Tømmer og Brædder udenfor Huse skulle have en Afstand derfra af mindst 10 Alen.

§ 18.

Enhver, der i et Hus har Oplag af Krudt, skal være pligtig at gemme det i et laaset Blik- eller Kobberrum og have det bevaret under Taget over Hanebjelkerne. Fyrværkerisager skulle opbevares paa samme Maade. Dog skal det være tilladt at have en Beholdning af indtil 4 Pd. Krudt i en Butik eller det Lokale, hvor der arbejdes med Krudt, men det skal dersteds ligeledes holdes opbevaret i laasede Blik- eller Kobberkar. Politimesteren eller Repstyrereren skal 2 Gange aarlig undersøge, om Krudtbeholdninger hos dem, der handle dermed, forvares paa den ovenfor foreskrevne Maade. Enhver, som til en Købstad eller et Handelsted indfører Krudt, Dynamit, Nitroglycerin, Skydebomuld og lignende Sprængstoffer, skal give skriftlig Anmeldelse derom til Byfogden, Repstyrereren eller dennes Fuldmægtig, der paaser, at de fornødne Forsigtighedsregler iagttagtes, indtil det indførte er bragt til et sikkert Sted.

§ 19.

Oplag af Petroleum, Terpentin, Bensin og lignende letfængende Vædske maa ikke kun haves paa saadanne Steder, hvor de efter Politimesterens eller Repstyrerens Skøn ikke antages at medføre særlig Brandfare. Dette gælder dog ikke Oplag af Nr. 85. Lov af 22 November om Brandforhold.

Nr. 85. í kjöllurum undir húsum, sem engin íbúð er í, og þar að auki skulu kaupmenn og verk-
 22. nývbr. smiðjur hafa leyfi til að geyma allt að því 800 potta af fyrnefndum vökvum í trjeilátum
 eða í flökum í sölubúðakjöllurum og smiðjukjöllurum, en allt að því 200 potta af hinum
 sömu^{22.} vökvum í sölubúðum eða smiðahúsum ofanjarðar. Í íbúðarhúsum má geyma
 til heimilisþarfa allt að 200 pottum af steinolíu í trjeilátum og annað eins í járnílátum
 og flökum. Bæjarstjórn eða hreppsnefnd í samráði við löggreglustjóra setur nánari
 varúðarreglur um geymslu og meðferð á steinolíubirgðum.

20. gr.

Allar verksmiðjur, þar með taldar vinnustofur trjesmiða og járnsmiða og bök-
 unarhús, skulu háð sjerstöku eptirliti löggreglustjóra eða hreppstjóra, og skal öllum
 skylt að fylgja í þeim bæði hinum almennu varúðarreglum, og hinum sjerstöku reglum,
 sem bæjarstjórn eða hreppsnefnd álítur nauðsynlegar til þess að koma í veg fyrir brunau-
 hættu. Sjerstaklega skulu spærir úr trjesmíðahúsum fluttir burt á hverjum degi og
 látnir á óhultan og afvikinn stað, þar sem eigi er farið með eld eða ljós.

21. gr.

Hver sá, sem brýtur ákvæði 13.—20. greinar, skal sæta sektum frá 2—100
 kr., jafnvel þótt ekkert tjón hafi af brotinu hlötzt.

III. kafli.**Um slökkviá höld, slökkvilið og eldsvoða.**

22. gr.

Í öllum verzunarstöðum, sem eru hreppsfjelög út af fyrir sig, svo og í öllum
 öðrum verzunarstöðum, sem 300 íbúar eru í eða fleiri, skal jafnan vera til að minnsta
 kosti ein slökkvidæla að stærð og gjörð eptir því, sem stjórnarráðið tekur gilt, ásamt
 tilheyrandi nauðsynlegum slöngum og brunastútum. Hver hreppsnefnd skal útvega
 dæluna á kostnað sveitarsjóðs og halda henni við og geyma hana á þeim stað, er greiður
 gangur er að, hvenær sem eldsvoða ber að höndum.

23. gr.

Í öllum verzunarstöðum, sem eru hreppsfjelög út af fyrir sig, svo og í öllum
 öðrum verzunarstöðum, sem 300 íbúar eru í eða fleiri, skal stofna slökkvilið. Skulu
 í því vera allir verkfærir karlmenn 20 til 60 ára að aldri, þeir, er búsettir eru í verzun-
 arstaðnum. Skulu þeir vera skyldir að mæta við slökkviæfingar allt að 4 sinnum á
 ári, og auk þess skulu þeir mæta tafarlaust, hvenær sem eldsvoða ber að höndum.

Hreppsnefnd kýs slökkviliðsstjóra til 3 ára í senn, og skal hann vera búsettur
 í verzunarstaðnum. Sá, sem hefur verið slökkviliðsstjóri í 3 ár eða lengur, getur skorazt
 undan starfinu um jafnlangan tíma og hann hefur haft það á hendi samfleytt.

Petroleum under 20 Tdr. (3,500 Potter), naar de ere anbragte i Kælderen under ubebøede Bygninger, og skulle derhos de Handlende og Fabrikanter være berettigede til at opbevare indtil 800 Potter af de nævnte Stoffer paa Træ eller Flasker i Udsalgs- eller Værksteder under Jordens Overflade, og indtil 200 Potter af de samme Stoffer i Udsalgs- og Værksteder, der ere anbragte over Jordens Overflade. I Beboelseslejigheder maa til Hjemmebrug opbevares indtil 200 Potter Petroleum paa Træ og et lignende Kvantum i Jernbeholdere og Flasker. Byraadene og, i Samraad med Politimesteren, Repforstanderskaberne fastsætte nærmere Forsigtighedsregler vedrørende Opbevaring og Behandling af Petroleumsoplæ.

§ 20.

Alle Fabriker, derunder Værksteder for alt Træ- eller Jernarbejde og Bagerier, ere underkastede Politimesterens eller Repstyrerens særlige Tilsyn og skulle alle være pligtige til at iagttagte saavel de almindelige Forsigtighedsregler, som de særlige Regler, som Byraad eller Repsforstanderskab anser fornødne for at forebygge Brandfare. Særlig skal Spaaner fra Værksteder for Træarbejde hver Dag bortbringes til et sikkert afsides Sted, hvor ingen Ild eller Lys kommer.

§ 21.

Enhver, der overtræder nærværende Loves Bestemmelser i §§ 13—20, ifalder en Bøde fra 2—100 Kr., selv om Overtrædelsen ikke har afstedkommet nogen Skade.

3die Afsnit.

Om Brandredskaber, Brandkorps og Ildebrandstilfælde.

§ 22.

Paa ethvert Handelssted der udgør en særskilt Repskommune og paa ethvert andet Handelssted med mindst 300 Indbyggere, skal der altid findes mindst en Brandsproje af en af Ministeriet approberet Størrelse og Konstruktion samt tilhørende fornødne Slanger og Brandspidser. Repsforstanderskabet har for Kommunekassens Regning at besørge Anskaffelsen af Brandsprojeten samt drage Omsorg for dens Vedligeholdelse og Opbevaring paa et Sted, hvor der i paakommende Ildebrandstilfælde er bekvem Adgang til den.

§ 23.

Paa ethvert Handelssted, der udgør en særskilt Repskommune, og paa ethvert andet Handelsted med mindst 300 Indbyggere skal der oprettes et Brandkorps. Dette bestaar af samtlige arbejdssøvere Mandspersoner fra 20 til 60 Aar, der ere bosatte paa Handelsstedet. De ere pligtige til at møde 4 Gange aarlig til Slukningsøvelser samt uopholdelig paa Brandstedet hver Gang, der opstaar Ildebrand.

Repsforstanderskabet vælger for 3 Aar ad Gangen Brandkorpsets Anfører, der skal være bosat paa Handelsstedet. Den, der har været Anfører i 3 Aar eller længere, kan undslaa sig for at overtage dette Hvert for ligesaa lang Tid, som han uafbrudt har varetaget samme.

Nr. 85. Lov af 22. November om Brandforhold.

Nr. 85. Slökkviliðsstjóri kveður slökkvilið til æfinga og stýrir þeim, svo stjórnar hann
 22. növbr. og slökkvitilraunum, þá er eldsvoða ber að höndum. Hann hefur og umsjón með slökkviðoldum verzlunarstaðarins eða hreppsins.

Hreppsnefnd getur, með samþykki stjórnarráðsins, sett nánari reglur um slökkvitól og slökkvilið, og má í slíkri reglugjörð ákveða sektir fyrir brot á henni.

24. gr.

Allir húseigendur eru skyldir til að útvega á eigin kostnað og eiga þessi slökkvitól: brunastiga, brunakrókstjaka og að minnsta kosti 2 skjólur. Áhöldum þessum skal jafnan haldið í tilhlýðilegu standi. Þau skulu ávallt fylgja eigninni, og má eigi taka þau fjárnámi eða lögtaki út af fyrir sig, hvorki fyrir skatta nje aðra skuld.

25. gr.

Það er skylda allra, sem verða varir við, að eldsvoði sje að koma upp, að hefja viðvrunarkall og gjöra slökkviliðsstjóra við vart. Eigandi húss þess, sem eldur kemur upp í, eða sje hann eigi viðstaddir, hlutaðeigandi leiguliðar eða heimilismenn, skulu hið fyrsta unnt er annast um, að hreppstjóra eða lögreglustjóra, sje hann búsettur þar á staðnum, verði sagt til um brunann.

26. gr.

Hver og einn skal, þá er bruni kemur upp í húsi hans eða hibýlum, auk þess þegar í stað að gjöra þá, sem þar búa, vara við, reyna til með öllu móti, sem í hans valdi stendur, að slökkva eldinn þegar í stað, en samt má eigi fyrir þá sök láta hjá líða að segja til um brunann, eins og mælt er fyrir í næstu grein á undan.

27. gr.

Sjerhver er skyldur til, þegar eldsvoða ber að höndum, að leyfa aðgang að húsi sínu og lóð með slökkvivjelar og önnur áhöld, og láta sjer það lynda, að það verði gjört með því að brjóta niður og ryðja því burt, sem til fyrirstöðu er. Eigi getur heldur neinn bannað það, að bygging, sem hann á, verði rifin, ef lögreglustjóri eða slökkviliðsstjóri álitur það nauðsynlegt, til þess að stöðva útbreiðslu eldsins.

28. gr.

Þær skemmdir, sem hljótast af ráðstöfunum þeim, sem getið er um í 27. gr., teljast brunaskemmdir. Sá, sem vill krefjast skaðabóta fyrir slíkar skemmdir, skal svo flijótt, sem auðið er, og í síðasta lagi innan 8 daga, frá því að bruninn varð, bera upp kröfur sínar fyrir lögreglustjóra, sem því næst sjer um, að upphæð skaðabótanna verði ákveðin, að svo miklu leyti sem unnt er, í sambandi við virðingargjörðir þær, sem fram fara til þess að meta brunatjónið til endurgjalds frá hlutaðeigandi ábyrgðarfjelagi, og að öðrum kosti með því, að láta 2 menn, sem sjerstaklega þar til verða kvaddir, meta skaðann. Peir menn, sem til þess eru kvaddir, fá í fæðispeninga 4 kr. hvor; standi gjörðin lengur yfir en 8 klst., fá peir fæðispeninga fyrir 2 daga. Borgunin greiðist, eins og aðrar brunaskemmdir, af hlutaðeigandi ábyrgðarfjelagi. Sje húseign sú, er fyrir skemmdum varð, óvátryggð, skal hlutaðeigandi sveitarfjelag bæta eiganda skaðann að tveim þriðju hlutum.

29. gr.

Það er skylda allra, þegar eldsvoða ber að höndum, að láta þá aðstoð í tje, til að slökkva eldinn, sem mögulegt er, hvort sem er með því að leggja sjálfur hönd Nr. 85. Lög 22. nóvember um brunamál.

Anføreren ledsager Korpset til Øvelser og dirigerer disse; i Ildebrandstilfælde Nr. 85. forestaa han tillige Slukningsforsøgene. Han fører ogsaa Tilsyn med Handelsstedets ^{22.} Novbr. eller Reppens Brandredskaber.

Med Samtykke af Ministeriet kan Repsforstanderskabet fastsætte nærmere Regler vedrørende Brandredskaber og Brandkorpset; i Reglementet kan der ogsaa fastsættes Bøder for Overtrædelse deraf.

§ 24.

Enhver Husejer er pligtig til for egen Regning at anskaffe og eje følgende Brandredskaber: en Brandstige, en Brandhage og mindst to Brandspande. Disse Redskaber skal stedse vedligeholdes i forsvarlig Stand og stedse forblive ved Ejendommen, og der maa i dem ikke gøres særligt Udlæg eller Udpantning, hverken for Skatter eller for anden Gæld.

§ 25.

Det er Pligt for Enhver, som opdager en udbrydende Ildebrand, derom at gøre Anskrig og give Anmeldelse til Anføreren for Brandkorpset; Ejerne af Stedet, hvori Ild opkommer, og naar denne ikke er tilstede, vedkommende Lejere eller Beboere, skulle snarest muligt sørge for, at Repstyren eller Politimesteren, hvis denne er bosat paa Stedet, underrettes om Ilden.

§ 26.

Enhver, i hvis Hus eller Bolig Ildebrand opkommer, bør, foruden derom straks at underrette Stedets Beboere, ved alle til hans Raadighed staaende Midler stræbe straks at dæmpe Ilden, uden at det dog af denne Grund maa forsømmes at gøre de i forrige Paragraf foreskrevne Anmeldelser.

§ 27.

Enhver er i Ildebrandstilfælde pligtig at tilstede Adgang med Brandsprøjter og andre Redskaber til sit Hus og sin Grund, og taale, at saadan Adgang aabnes ved Gennembrydning og Bortskaffelse af Hindringer. Ej heller kan Nogen modsætte sig, at en ham tilhørende Bygning nedrives, naar saadant af Politimesteren eller Anføren for Brandkorpset findes nødvendigt for at standse Ildens Udbredelse.

§ 28.

Den Skade, som bevirkes ved de i § 27 ommeldte Foranstaltninger, betragtes som Brandskade. Den, som vil paastaa Erstatning for saadan Skade, har snarest muligt og senest 8 Dage efter Branden at fremsætte sin Paastand for Politimesteren, som derefter foranstalter Erstatningens Størrelse fastsat saavidt muligt i Forbindelse med de til Bestemmelse af Brandskade paa de forsikrede Ejendomme stedfindende Taksationer og ellers ved tvende særlig dertil udmeldte Mænd. De udmeldte Mænd erholde i Dagpenge hver 4 Kroner; naar Forretningen varer mere end 8 Timer uafbrudt, beregnes Dagpenge for 2 Dage. De udredes, ligesom anden Brandskade, af vedkommende Assuranceselskab. Hvis den beskadigede Ejendom ikke er assureret, erstatter vedkommende Kommune Ejerne $\frac{2}{3}$ Dele af Skaden.

§ 29.

Det paaligger i Ildebrandstilfælde Enhver at yde den Hjælp til Ildens Slukning, som han maatte være i Stand til, det være sig ved personligt Arbejde, eller ved Nr. 85. Lov af 22. November om Brandforhold.

Nr. 85. á verkið eða með því að láta af hendi vatnsforða, slökkvitól, hesta, vagna eða nýbr.^{22.} aðra hluti.

30. gr.

Enginn má, þegar eldsvoða ber að höndum, undir nokkru yfirskyni ryðjast inn fyrir verði þá, sem settir eru til þess að bægja óviðriðnum mönnum frá þeim stað, þar sem bruninn er, eða skorast undan að hlýða fyrirmælum löggreglustjórnarinnar eða slökkviliðsstjóra um það, að víkja burtu frá svæði því, sem þannig er innibyrgt. Hvern þann, sem verður brotlegur í því, má þegar taka fastan.

31. gr.

Enginn má við eldsvoða kasta hlutum út úr húsum ofan á stræti, torg eða í húsgarða, þar sem menn eru fyrir við slökkvitilraunir.

32. gr.

Með húsum þeim, sem eru svo skammt frá brunanum, að hætt er við að eldurinn læsi sig í þau, eða neistaflug nái til, skal eigandinn eða sá, sem kemur í hans stað, vera skyldur að hafa nákvæmt eptirlit, og skal hann þar að auki gjöra allt, sem í hans valdi stendur, til þess að koma í veg fyrir, að kvíkni í húsunum, og sömuleiðis í tæka tíð skýra slökkviliðsstjóra, hreppstjóra eða löggreglustjóra frá, ef þess er kostur, að hætta vofi yfir.

33. gr.

Enginn getur meinað löggreglustjóra, hreppsnefnd eða bæjarstjórn eða þeim, sem eru útsendir af henni, inngöngu á lóð sína, eða í hús sitt, þegar þeir koma til þess að halda rannsóknir, til þess að sjá um, að því verði fylgt, sem fyrirkipað er í lögum þessum, og er sjerhver húseigandi skyldur til að sýna slökkvitól þau, sem eiga að fylgja eigninni, þegar þess verður krafist af bæjarstjórn, hreppsnefnd eða þeim, sem hún hefur út sent.

IV. kafli.

Y m s á k v æ ð i.

34. gr.

Bæjarstjórnir og hreppsnefndir skulu, hver innan síns sveitarfjelags, hafa eptirlit með, að lögum þessum sje hlýtt. Í kaupstöðunum og í verzlunarstöðum með 300 íbúum eða meira skal slökkviliðsstjóri eða annar sá, er bæjarstjórn eða hreppsnefnd kýs til þess, einu sinni á ári hverju rannsaka alla ofna, eldavjelar, reykhláfa og pípur, hvort þetta fullnaði ákvörðun laga þessara um gjörð og hreinsun. Jafnframt skal hann og rannsaka, hvort slökkviáhöld þau, er húsum eiga að fylgja, sjeu fyrir hendi og í gildu standi. Leiði skoðunargjörðin það í ljós, að einhverju sje ábótavant, skal skoðunarmaður heimta, að það sje lagfært, annaðhvort þegar í stað, ef bein brunahætta stafar af því, eða innan ákveðins tíma, og skal hann síðan rannsaka, hvort skipuninni hafi verið fylgt. Hafi það eigi verið gjört, skal hann tafarlaust tilkynna það löggreglustjóra.

at stille Vandbeholdninger, Brandredskaber, Heste, Vogne eller andre Genstande til Nr. 85.
Raadighed.

^{22.}
Novbr.

§ 30.

Ingen maa under nogetsomhelst Paaskud i Ildebrandstilfælde indtrænge sig indenfor de til Brandstedets Afspærring for Uvedkommende udsatte Poster, eller vægre sig ved at efterkomme Politiets eller Anførerens Opfordring om at forlade det saaledes afspærrede Terrain. Enhver, der gør sig skyldig i Overtrædelse heraf, kan straks anholdes.

§ 31.

Ingen maa i Ildebrandstilfælde udkaste Gods fra Huse ned paa Gader, Pladser eller i Gaarde, hvor der arbejdes ved Slukningsforsøg.

§ 32.

Med de Huse, der ligge saa nær ved Brandstedet, at de kunne være udsatte for at angribes af Ilden, eller som naas af Flyveild, skal Ejerne eller den, der træder i hans Sted, være pligtig at føre et omhyggeligt Tilsyn, hvorhos han skal gøre Alt, hvad der staar i hans Magt for at forebygge Antændelse, ligesom han ogsaa saa vidt mulig betimelig skal give Anføreren, Repstyren eller Politimesteren Underretning, hvis Fare skulde true.

§ 33.

Ingen kan nægte Politimesteren, Repsforstanderskab eller Repbestyrelsens Medlemmer eller deres Udsendinge Adgang til sin Grund eller Bygning, naar de indfinde sig der for at anstille Undersøgelse til Overholdelse af denne Lovs Bestemmelser, og enhver Grundejer er pligtig til paa Forlangende af Bybestyrelsen eller Repsforstanderskabet eller deres Udsendinge at forevise de Brandredskaber, der skulle findes paa Ejendommen.

4de Afsnit.

Forskellige Bestemmelser.

§ 34.

Byraad og Repforstanderskaber skulle, hver paa sit Omraade, have Indseende med Overholdelsen af nærværende Lovs Bestemmelser. I Købstæder samt i Handelssteder med mindst 300 Indbyggere skal Anføreren for Brandkorpset eller en anden dertil af Byraadet eller Repsforstanderskabet valgt Mand en Gang aarlig syne alle Kakkelovne, Komfurter, Skorstene og Røgledninger, om de fyldestgør nærværende Lovs Fordringer med Hensyn til Konstruktion og Renligholdelse. Ligeledes har han at undersøge, om de lovbefalede Brandredskaber ved hver Ejendom ere tilstede og i tilbørlig Orden. Hvis der ved Synsforretningen forefindes Mangler, skal Synsmanden forlange, at de afhjælpes øjeblikkelig, naar de ere af umiddelbar brandfarlig Natur og ellers inden en bestemt Frist, og han har derefter at undersøge, om Paalæget er blevet efterkommet. Er dette ikke Tilfældet, skal han uopholdelig anmeldte Sagen til Politimesteren.

Nr. 85.

^{22.} Hver sá, er óhlýðnast fyrirmælum skoðunarmanns um að lagfæra það, sem nývbr. ábótavant er, skal sæta sektum frá 5—100 kr. Auk þess er hann skyldur, að viðlögðum dagsektum, að lagfæra það, sem ábótavant er.

35. gr.

Lögreglustjóri skal, svo fljótt sem unnt er, eptir að eldsvoði er afstaðinn, halda rjettarpróf, til þess að komast fyrir orsök brunans, og skal rjettarprófið haldið á vættvangi eða svo nálægt vættvangi, sem kostur er. Rjettarprófi má þó sleppa, ef bruninn er lítill og stjórn Brunabótafjelags Íslands leyfir það.

36. gr.

Sektir eptir lögum þessum renna í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið.

37. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal farið sem almenn lögreglumál.

39. gr.

Lög þessi gilda fyrir kaupstaði utan Reykjavíkur, verzlunarstaði og aðra þá staði og húseignir, sem eigi falla undir lög 20. oktbr. 1905, um vátrygging sveitabæja og annara húsa í sveitum, utan kauptúna.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 22. nóvember 1907.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Frederik R.

(L. S.)

H. Hafstein.

§ 35.

Nr. 85.

22.

Den, der undlader at efterkomme Synsmandens Paalæg om Afhjælpning af stedfundens Mangel, anses med en Bøde af fra 5—100 Kr., hvorhos han under Dagsmulkter er forpligtet til at afhjælpe det mangelfulde.

§ 36.

Saa snart som muligt efter overstaaet Ildebrand har Politimesteren paa Brandstedet eller saa nær dette som ske kan, at afholde Forhør til Oplysning om Ildens Opstaaen. I Tilfælde af en ubetydelig Ildebrand kan dog Forhør med Samtykke af Islands Brandforsikringsselskab bortfalde.

§ 37.

Bøder efter nærværende Lov tilfalde den Kommunes Kasse, hvor Overtrædelsen er begaaet.

§ 38.

Sager i Anledning af Overtrædelse af nærværende Lov behandles som offentlige Politisager.

§ 39.

Denne Lov gælder for Købstæderne med Undtagelse af Reykjavik, samt for Handelsstederne saavel som for andre Steder og Husejendomme, der ikke høre ind under Lov om Brandforsikring af Bøndergaarde og andre Bygninger paa Landet uden for Handelsstederne af 20. Oktbr. 1905.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 22. November 1907.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Frederik R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Islands Ministerium, den 22. November 1907.

H. Hafstein.

Ólafur Halldórsson.